

**SJÓVÁ**

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**

887. tbl - 19. árg.

25. júlí 2019



# Fjölgar í hvalaskoðun milli ára



Hvalaskoðunarferðir njóta mikilla vinsælda og hefur verið nóg að gera hjá LÁKA TOURS í sumar. Að sögn Gísla Ólafssonar eru farþegar í Ólafsvík frá því í apríl orðnir um 4000 þúsund sem er heldur meira en í fyrra. Munar þar mestu um að ekki hefur þurft að hætta við ferðir vegna veðurs en veður hefur verið mjög gott í sumar. LÁKI TOURS er

fjölskyldufyrirtæki í Grundarfirði sem sérhæfir sig í hvalaskoðunar og fuglaskoðunarferðum. Í ferðum sínum er markmið þeirra að viðskiptavinir þeirra komist sem næst hvölnum án þess að hafa neikvæð áhrif á þá. Þeir bjóða einnig upp á ferðir frá Grundarfirði og hefur farþegum fjölgað það líka í sumar einkum vegna þess að komum skemmtiferðaskipa

til Grundarfjarðar hefur fjölgað. Þriðja starfsstöðin þeirra er svo á Hólmavík og er þetta er þriðja árið sem þeir eru með ferðir þaðan. Gengur mun betur í ár en fyrst tvö

árin eins og vænta mátti sagði Gísli en nú er farið að spyrjast út hversu góður staður Steingrímsfjörður er til hvalaskoðunar.

þa

## Ísland Extreme Triathlon á laugardag

Um næstu helgi mun fara fram alþjóðleg þríþrautakeppni á Snæfellsnesi. Keppnin fer fram laugardaginn 27. júlí og mun hún hefjast klukkan fjögur að nóttu með 3,9 km sundi í Kolgrafafirði. Að sundi loknu verður hjólaður um það bil 195 kílómetra hringur um Snæfellsnes og endað á að hlaupa maraþon yfir Jökulhálsinn fram og til baka, hlaupinu, og þar með þríþrautinni, mun svo ljúka við gömlu réttina í Ólafsvík.

Keppnin mun hafa bækistöðvar í Ólafsvík og mun þetta því hafa

í för með sér að mikið verður um að vera dagana í kringum keppnina þar sem keppendur og fylgdarlið þeirra koma á svæðið að minnsta kosti tveimur dögum fyrir keppni.

75 keppendur voru skráðir til leiks á þriðjudag þegar þetta var skrifað og af þeim voru 5 íslendingar, lesendur eru hvattir til að fylgjast með keppendum en m.a. verða drykkjarstöðvar við Hjallabrekku í Ólafsvík þar sem skipt verður af hjóli yfir í hlaup og á plani vestan við Rauðfeldsgjá.



**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)




# Íbúafjöldi Grundarfjarðar fjórfaldaðist

Þrjú skemmtiferðaskip heim-sóttu Grundarfjörð á mánudag og hafa ekki jafn mörg skemmtiferðaskip heimsótt bæinn á einum degi áður.

Skemmtiferðaskipin þrjú voru Star Breeze, Astoria og Sapphire Princess en í síðastnefnda skipinu eru um 3000 farþegar, samanlagt voru skipin með um 3780 farþega og var bærinn fyrir vikið fullur af gestum, íbúafjöldi Grundarfjarðar er tæplega 900 manns og því má segja að íbúafjöldinn hafi rúmlega fjórfaldast á mánudag.

Til viðbótar við farþega skemmtiferðaskipanna eru fjölmargir gestir á tjaldstæði Grundarfjarðar, sumir eru bara að elta góða veðrið en aðrir eru að tryggja sér góð stæði fyrir bæjarhátíðina „Á góðri stund“, dagskrá hátíðarinnar hófst á mánudag og stendur fram á sunnudag.





Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.


**Pétur Kristinsson hdl.**  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Íslandsmót í motocross

Á laugardag mun fara fram 3. umferð í Íslandsmóti í motocross á motocrossbrautinni á Breið. Keppni hefst um kl. 10.30 en fyrir morgunin mun fara fram tímataka, ekið verður í ýmsum flokkum og er áætlað að keppni ljúki um kl. 16. Gera má ráð fyrir flottum tilþrifum og því full ástæða til að kíkja út á braut og horfa á öflug motocrosshjól tekin til kostanna.



Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## Sparnaður með varmadælu



Á facebooksíðu Snæfellsbæjar er athyglisverð færsla um varmadælu sem er í Ráðhúsi Snæfellsbæjar. Þar kemur fram að „haustið 2017 var byrjað að bora tilraunaholu við Ráðhúsið á Hellissandi. Í holunni er sjór og 6,5°C kalt vatn. Á vormánuðum 2018 var keypt varmadæla sem nýtir varmann úr þessari köldu borholu.

Fyrir uppsetningu varmadælnnar var ársnotkun Ráðhússins að meðaltali 96.094 kWh. Frá 18. júlí 2018 hefur notkunin verið töluvert minni. Eftir árið, þ.e. tímabilið 18/7 2018 - 18/7 2019 er ársnotkunin komin niður í 38.071 kWh, sem er sparnaður um rúm 60%.

Spurt var um hver uppsetningarkostnaður hafi verið og var svarið að „heildarkostnaður við verkið hafi verið kr.

7.516.524.-, og í þeirri tölu er borunin sjálf, varmadælan og allt sem fylgir vinnu og uppsetningu við holu og dælu. Á móti fékkst styrkur frá Orkusjóði upp á kr. 3.725.000.- Hitunarkostnaður Ráðhússins hefur verið um 1200-1300 þús. á ári og miðað við tölurnar núna, þá hefur kostnaðurinn farið niður um rétt ríflega helming. Okkur telst því til að verkið borgi sig á 4-5 árum.“

Þetta er enn eitt dæmið um hve mikið er hægt að spara af orku með því að setja upp vandaða varmadælu, íbúar á köldum svæðum ættu því að skoða kosti varmadæluuppsetningar vel því að í mörgum tilfellum er hægt að ná fram umtalsverðum sparnaði.

Myndin sem fylgir er af borholunni við Ráðhúsið.

jó

# Almenn ánægja með gjald af salernum

Nú í sumar voru tekin í notkun gjaldhlið á salernin á Breiðabliki, það var hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps sem ákvað í vetur að fá gjaldhlið sem sér um að rukka fyrir salernin allan sólahringinn. Að setja upp slík hlið kostar en á móti kemur að þau virka allan sólahringinn.

Aðdragandinn að þessu er sá að byrjað var á tilraunaverkefni fyrir Gestastofu Snæfellsnes í júlí árið 2017. Var þá sett upp krukka á Breiðabliki og fólk sem notaði salernin beðið um að setja 100 krónur í hana. Gekkt verkefnið mjög vel og munaði um það sem kom inn á móti kostnaði við að reka salernin. Í framhaldi af þessu þegar verið var að undirbúa framkvæmdir á Breiðabliki síðasta haust var ákveðið að útbúa salernin þannig að hægt væri að komast á þau allan sólahringinn. Var þá ákveðið að ganga alla leið og endurnýja allt og nota umhverfisvæn efni sem gott er að þrifa. Það var Eyja og Miklaholtshreppur sem kostaði breytingu á salernunum og sér um rekstrarkostnað á Breiðabliki og fara því þær tekjur sem koma vegna salerna til þeirra.

Skipting verka á Breiðabliki er skipt þannig að Svæðisgarðurinn Snæfellsnes fær mikið rými í félagsheimilinu fyrir Gestastofu Snæfellsnes til þess að taka vel á móti gestum. Greiðir svæðisgarðurinn ekki leigu en sér

þess í stað um að halda meðal annars salernunum hreinum enda ljóst að þegar margir nýta sér salernin þarf að hugsa vel um þau og þrifa reglulega. Kostar það töluvert og því mikilvægt að gjald sé tekið til að standa straum af þeim kostnaði sem af hlýst.

Salernin voru tilbúin fyrir páska en engin rukkun var sett í gang að sögn Eggerts Kjartanssonar oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir en gjaldhliðið var sett upp og tekið í notkun þann 9. júlí síðastliðinn. Frá páskum þegar þau opnuðu á Breiðabliki og þangað til gjaldhliðið var tekið í notkun hefur það komið fyrir að fólk leiti að krukku til að borga og þegar hún finnst ekki er peningurinn lagður á borðið hjá starfsmanninum að sögn Eggerts. Eftir að hliðið var tekið í notkun hefur gengið mjög vel þó einhverjir hnökra hafi verið eins og von var á. Flestir þeir sem nýta þjónustuna gera sér grein fyrir að það kostar að veita svona þjónustu og til að koma til móts við ferðaþjónustuaðila hefur þeim verið boðið upp á afslátt af hópum og sem dæmi hefur hjólið verið látið fríspóla meðan stórir hópar stoppa til að ekki myndist biðröð við gjaldhliðið. Einnig hefur starfsfólkið á Breiðabliki tekið niður upplýsingar um fyrirtæki og þeim verði svo sendur reikningur seinna. Sagði Eggert að þau gerðu sér grein fyrir því



að ferðaskipuleggjendur væru oft með stífan tímaramma og þetta væri eins aukinn kostnaður. En það hlítur hins vegar að skipta miklu máli að hafa aðgengi að salerni sem hugsað er um allan sólahringinn fyrir þá sem eru að skipuleggja ferði um landið bætti hann við. Eru flestir mjög ánægðir með þessu þjónustu og hefur starfsfólkið heyrt setningar eins og "Þetta er flott hérna, það er sko allt í lagi að borga 200 krónur fyrir salernin." Salernin eru mjög snyrtileg og fín, rukkaðar eru 200 krónur fyrir hvern einstakling nú þegar gjaldhliðið er komið í notkun og fá börn frítt. Hægt er að greiða með korti, klinki og verður seinna hægt að kaupa miða en það er hugsað fyrir hópa og verður þá hægt að veita afslátt.

Greinilegt er að ferðamenn sem leið eiga um Breiðablik eru

ánægðir með þessa nýju þjónustu en yfir 3000 manns hafa greitt inn á salernin síðan 9. júlí og greinilegt að þetta skiptir máli, eru allar líkur á að hún nái að standa undir rekstrarkostnaði bæði við salernin og einnig annan rekstrarkostnað við Breiðablik. En sá kostnaður hefur auðvitað aukist með aukinni starfsemi í húsinu.

Sagði Eggert að lokum að þessi notkun væri framar þeirra vonum og að verkefnið skipti miklu máli því þau vilji áfram geta tekið vel á móti fólk á Breiðabliki. Lykilinn er samt alltaf sá að þegar þú ert að rukka fyrir að salernum þurfi þau að vera snyrtileg og þrifa reglulega og geri starfsfólk Gestastofunnar það mjög vel sagði Eggert að lokum.

þa

## Aflabrögð

Dagana 15. til 21. júlí voru nánast eingöngu handfærabátar á sjó í Snæfellsbæ, koma alls 80 tonn á land í 121 löndun. Þar af var landað 32 tonnum í 60 löndunum í Ólafsvíkurhöfn, 26 tonnum í 25 löndunum á Arnarstapa og 22 tonnum í 36 löndunum í Rifshöfn. Í Ólafsvíkurhöfn lönduðu 33 handfærabátar 32 tonnum í 59 löndunum. Í Rifshöfn lönduðu 15 handfærabátar 21 tonni í 35 löndunum og á Arnarstapa lönduðu 10 handfærabátar 14 tonnum í 22 löndunum. Einn lítill línubátur landaði þerna Sh 1 tonni í 1 löndun og einn

netabátur Bárður SH 12 tonnum í 4 löndunum.

Dagana 15. til 21. júlí komu alls 337 tonn á landi í Grundarfjarðarhöfn í 42 löndunum. Þar af lönduðu 14 handfærabátar 24 tonnum í 34 löndunum. Einn bátur Friðrik Sigurðsson Árlandaði 72 tonnum af Sæbjúgum í 3 löndunum. Steini HU landaði 6 tonnum í 2 löndunum á grásleppunetum. Þrjú botnvörpubátar lönduðu þessa daga, Breki VE 124 tonn í 1, Hringur SH 67 tonnum í 1 og Helgi SH 44 tonnum í 1 löndun. þa



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Gestavinnustofa í Grundarfirði

Ný Gestavinnustofa Artak350, fyrir innlenda og erlenda listamenn var opnuð í júní í húsnæði félagsins að Grundar götu 26 í Grundarfirði.

Bandaríska listakonan Karen Morris verður með afraksturs sýningu og listamannspjall n.k. sunnudag kl. 15:00-17.00. Karen, hefur ferðast um Ísland og tekið ljósmyndir, af því sem hefur heillað hana á einhvern hátt. Hún hefur verið að vinna myndverk með þurr pastel á pappír, með ljósmyndirnar til hliðsjónar.

Karen er fyrsti erlendi gestalistamaðurinn sem dvelur í gestavinnustofunni, hún lýkur mánaðardvöl sinni í lok júlí.

Starfsemin hófst í júní mánuði og var það stofnandi og eigandi artak.ehf, myndlistakonan Þóra Karlsdóttir frá Akureyri, sem dvaldi þar fyrst við listsköpun sína og setti upp verkið „Þríhöfði“ sem er staðsett við veitingastaðinn Bjargarstein í Grundarfirði, verkið er á samsýningunni No3 Umhverfing, sem er samsýning u.þ.b 70 listamanna, og eru listaverkin staðsett víða um Snæfellsnes. Þóra var búsett í Grundarfirði á árunum 1983-1993 og hefur nú aftur komið á tengingu við staðinn, með starfsemi gestavinnustofunar og er mjög spennit fyrir framtíðinni



í listum og menningu í Grundarfirði og eru þó nokkrir erlendir listamenn búnir að fá úthlutað eins til tveggja mánaða dvöl á næstu misserum.


Fréttatilk.

## Sumarfrí

Prentsmiðjan Steinprent verður lokuð vegna sumarleyfa til 12. ágúst.

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma 440 2390

Bæjarblaðið Jökull er einnig komið í sumarfrí, blaðið kemur aftur út fimmtudaginn 15. ágúst.



SJÓVÁ



STEINPRENT

## Töpuð tvö stig!

Það var hörkuleikur á Seltjarnarnesi þegar okkar strákar heimsóttu Gróttu, næst efsta lið deildarinnar. Ekki var það að sjá á leiknum að þeir væru tveim sætum fyrir ofan okkur, því Víkingur var meira með boltann og átti fjölda stórhættulegra færa í fyrri hálfleik, en inn vildi boltinn ekki. Staðan 0-0 í hálfleik. Ekki voru liðnar nema tvær mínútur af seinni hálfleik þegar heimamenn skora eftir hornspyrnu, en okkar menn létu það ekki á sig fá og jöfnuðu innan fimm mínútna, eftir aukaspyrnu, sem Vidmar tók og Sallieu sendi boltann áfram á Eli Keke, sem skoraði. Vel staðið að þessu marki. Á 71. mínútu fengu okkar strákar víti, þegar brotið var á Vidmar. Harley tók vítið og skoraði af miklu öryggi. Staðan orðin 2-1 og útlitið gott. Eftir að vera komnir yfir, var eins og að okkar menn slökuðu á og bökkðu aftar á völinn, sem hefur reyndar verið einkenni

á leik okkar manna í sumar og það skapar alltaf hættu, að reyna að verjast of nálægt sínu marki. Það kom líka á daginn, því heimamenn sóttu í sig veðrið gerðust nokkuð ágengir, sem endaði með því að í uppbótartíma fengu þeir vítaspyrnu, sem ekki var almenn ánægja með í okkar hópi, en það gildir, sem oft er sagt að það þýðir ekki að deila við dómarann. Gróttumenn skoruðu úr vítinu og leikurinn hófst að nýju með miðjusparki, og um leið var flautað til leiksloka og lokastaða 2-2. Að okkar mati tvö töpuð stig.

Núna fer Jökull í frí til 18. ágúst og á þeim tíma fara fram eftirtaldir leikir: Fimmtudagur 25. júlí Víkingur – Þróttur, Þriðjudagur 30. júlí Þór Ak. – Víkingur og Föstudaginn 19. ágúst Víkingur – Leiknir.

Við skorum á bæjarbúa að mæta á heimaleikina og styðja við bakið á strákunum.

óhs